

Fundur 28.3.2022 Guðrún Helgadóttir rithöfundur.

Komið þið nú sælir.

*Blessaður blessuð.*

Finnst mér þetta allt ótrúlegt og er það mjög ánægjulegt að ekki aðeins sé líf eftir dauðann, heldur sé það efniskennt á öðrum hnetti og verð ég að segja það með sanní að ég trúí þessu varla enn.

Og undrunin mikil, undrunin stöðugt mikil og þarf ég að taka mér tak að standa hér og tala til ykkar en hjálpar þar mér lífsreynslan og vildi ég svo gjarnan lýsa gleði minni að vera hér og undrun, stöðug undrun.

Og hvernig hver einasti dagur hefur liðið með meiri undrunarefnum og var það nú svo fyrstu dagana að ég trúði þessu alls ekki og taldi mig vera að dreyma, þar sem öll þessi upplifun virtist í fyrstu ekki vera annað en undarlegur draumur.

En nú er ég komin á þá skoðun að þetta sé ekki draumur heldur veruleiki og jafn mikil efniskennt tilvera og sú gamla sem ég var að skilja við.

Og er ég mjög þakklát öllum þeim sem eru hér staddir og styðja mig til þess að tala við ykkur og er hér staður í þessu sjúkrarými þar sem hægt er að taka þátt í svona fundum og er ég það öflug að ég get talað til ykkar.

*Er stutt síðan þú fórst?*

Já, ég vildi segja það að hér eru fjölmargir Íslendingar sem segjast geta komið í sambandið ef orkan er næg og vilja við ykkur tala og gleðjast yfir öllum ykkar fundum og tilraunum til funda.

Hér eru ýmsir Íslendingar, ég ætla að reyna að nefna mig og eflast hér í kvöld í sambandinu, mig langar svo að lýsa umskiptum mínum og hversu stórkostlegt þetta allt er.

Segja má að líkami minn á þessum hnetti taki stórstígum framförum á örfáum klukkustundum eftir að ég gerði mér grein fyrir því að ég væri komin á aðra stjörnu og komin í efnislegan líkama og breyttist þá allt og náði ég tökum á þessu öllu betur.

Sakna ég vissulega jarðarinnar og enn þá finnst mér eins og þetta sé draumur og hitt hafi verið veruleiki þar sem fólkið mitt er enn þá hjá ykkur og privat vinir, kunningjar og þjóðfélags aðstæður.

Er hér svo ótalmargt sem ég á eftir að kynna mér betur, og fræðast um, en finn ég styrk minn vaxa og eflist ég stöðugt á hverri mínútu og finn hér ótal hugmyndir til að vinna úr í framtíðinni og hefur mér verið tekið vel.

Átti ég eitthvað í safni mínu og hafði ég lesið blaðagreinar í tímaritum um dr. Helga Pjeturss en ég hafði litið svo á að þetta væri hroki Íslendings og mikilmennsku brjálæði hins litla Íslendings sem vildi gera sig gildandi í heimsmálunum og var það því mikil undrun að komast að því að þetta var allt satt og rétt.

Og var nú einnig barnatrúin nokkuð til staðar þótt að hún væri ekki ríkjandi hjá mér, að gerði ég mér grein fyrir því að þessar kenningar væru ekki í samræmi við hana, en ég þóttist nú þekkja þetta nokkurn veginn, út á hvað þetta gekk.

En ég tel að ég eigi eftir að vinna mikið úr þessu og fjölda margir hér sem ég man eftir sem voru farnir á undan mér, fjölskylda og ættingjar og vinir .

Og ekki bjóst ég við því að Helgi Pjeturss hefði uppgötvað himnaríki en það virðist nú samt vera.

*Á sinn hátt.*

Já á sinn hátt.

Finnst mér þessir dagar sem hafa liðið hafa gefið mér æskustyrkinn og þrekið og er ég að verða eins og ég var á mínum bestu árum og hefur mér verið sagt að það muni gerast ótrúlega fljótt og hlakka ég til að taka þátt, fullan þátt í þessu lífi.

Er ég mjög þakklát íslensku þjóðinni, hversu mikilli velvild mér var tekið og öllu því sem ég lét frá mér fara.

Og finn ég jafn vel ýmis gömul áhugamál láta á sér kræla og veit ég ekki hvar ég á að byrja þegar ég næ fullum tökum á þessum líkama en það verður eitthvað sem ég tek mér fyrir hendur.

Vildi ég gjarnan segja deili á mér, Íslendingur, ég var, talaði oft fyrir framan margra og auðveldar það mér þetta.

Stjörnuhiminn kemur mér á óvart og stórir og smári hlutir.

Guðrún Helgadóttir rithöfundur.

*Já, vertu velkomin, gaman að heyra í þér.*

Já. Komið þið sæl.

*Merkilegt að þú skulir geta komið svona fjótt.*

Já, ég þyki nú nokkuð ákveðin og ég er svo glöð að hafa fengið þrek og gríðarleg undrun og ég get nú ekki sagt frá öðru en umskiptunum, en þið viljið fá að heyra um umskipti mín býst ég við?

*Það væri áhugavert, það eru bara örfáir dagar síðan þú fluttist á annan hnött var það ekki?*

Jú, jú, ég er nú bara rétt svo að átta mig á því að ég sé komin á hnött og,

*Segðu okkur nú frá, hvernig eru skipti dags og nætur, ljómar sól á degi? Og dimma á nóttu, hvernig horfir þetta við?*

Já, það er nótt og dagur, ég vil nú byrja á því að segja frá lauginni sem ég upplifði mig fyrst í, ég vaknaði nú út á víðavangi og var mér hjálpað, leidd í laug og hélt ég nú í fyrstu að það væri Kristur sem tæki á móti mér, skínandi og ljómandi en þá var það skeggjaður ættingi.

*Ættingi þinn?*

Já.

*Er ekki eitthvað af börnum þarna hjá þér?*

Nóg af börnum.

*Mér finnst það einhvern veginn.*

Já, og ég tók svo vel eftir lauginni sem ég var leidd í. Það eru ekki flísar, það er náttúruleg laug með leir og gufu og ýmis konar litbrigðum í botninum, uppstreymi og fólk sem jafn vel nuddar.

Og manngert fyrir ofan, flísar og stór og mikill staður og hélt ég um tíma að þetta væri Bláa Lónið en tók svo eftir staðháttum.

Og er þetta vissulega sól sem er hér og stundum önnur og þegar hún er að setjast þá eru öðruvísi litirnir.

Og allt mjög fagurt og heillandi og já dagur og nótt og stjörnuhimininn allt öðruvísi.

Mig hafði dreymt á þessa lund nokkrum sinnum og það er ekki auðvelt að trúa því að þetta sé nýtt líf þegar fyrsta upplifunin er eins og ljósrák og ljósgeisli og síðan sér maður andlit sem maður kannast við og síðan taka þau á sig mynd og maður gerir sér grein fyrir hvaða fólk það er.

En þegar maður ekki býst við að vera kominn á annan hnött, finnst manni það vera einhvers konar draumur og maður sefur og svo spyr maður fólk og maður fær svör og þetta er stórkostleg upplifun.

Fann ég hvernig ég hresstist í hvert skipti sem ég vaknaði af svefni og fann ég hvernig margskonar sjúkdómar og krankleikar hörfuðu frá mér á skömmum tíma og ég fékk mitt góða unga útlit smá saman og hrukkur sléttust og hár fékk réttan lit og ýmislegt þannig.

Var það nú þess eðlis að fyrstu viðbrögðin eru undrun og vantrú og gleði og svo koma aðrar tilfinningar.

Já skil ég nú ekki í okkur Íslendingum að hafa ekki tekið þetta alvarlega fram að þessu og vona ég að fleiri muni gera það í framtíðinni.

Hér eru margir sem vilja komast í sambandið og hrósa þau mér mjög fyrir hugrekkið að tala við ykkur og þurfti aðeins að styðja mig en hef ég þó að mestu leiti afl til að tala við ykkur og segja þau mér að mjög sé hugsað til mín frá gamla Íslandi og það hjálpi mér við að tala við ykkur, tala til ykkar.

Vil ég gjarnarn biðja um spurningar sem gætu einbeitt huga mínum að ákveðnu atriði, þar sem svo ótal margt sem ég vildi segja, næ ekki að koma því öllu til skila.

*Ert þú með kveðju til einhvers sérstaks sem við gætum hugsanlega haft samband við.*

Já bara til fjölskyldu og vina, þakka fyrir umönnun og allir sem hafa reynst mér vel.

*Ætlar þú að halda áfram að reykja?*

Ja það er nú ekki vel séð hér, það eru svona plástrar og lyf sem, ég hef nú ekki reykt hér en löngunin er nú ekki alveg horfin en því er haldið í skefjum.

*Já, já hún fylgir.*

Já.

*Mig langar að spyrja þig Guðrún hvort það gæti það verið að þegar Jesú sagði: í húsi föður míns eru margar vistaverur, að þetta sé himingeimurinn allar þessar vetrarbrautir.*

Já, það virðist vera, já það er það sem blasir við í þessu lífi að eitthvað hafi verið vitað um það áður hvernig þetta er og að afkomendur verði eins margir og stjórnur himinnsins. Það er einhver vísbending um þetta.

*Himnaríki.*

Já og framlíf. Ég vil gjarnan stuðla að því að eindrægni verði á þinginu þótt ég hafi ekki kunnað við íhaldið og þótt ég verði hér á nýjum hnetti að kynna mér þau mál öll upp á nýtt.

Ég vil gjarnan að íslenskir sjórnámálamenn verði friðsamari eins og mér virðist þeir hugsanlega hér vera, en ég verð að segja frá því síðar.

*Hvaða trúarbrögð tóku á móti þér þar sem þú ert núna?*

Ég hef ekki gert mér grein fyrir því, ég var nú nokkuð efablandin í trúmálum en hafði nokkra barnatrú, ég vona að ég komi síðar og skal reyna að svara þessu betur, þakka ykkur fyrir, orkan að minnka.

Ánægjulegt allt saman og bið að heilsa öllum og hér er ég margfalt hressari en ég var og er það allt á réttri leið.

Verið þið sælir.

*Þetta var mjög fróðlegt, þakka þér fyrir komuna og vertu sæl.*